



13. febrúar 2020

Fjarðabyggð  
Hafnargata 2  
730 Reyðarfirði

### Sundlaug Reyðarfjarðar – vegna lokunar

Þann 27. maí sl. fór undirrituð og skoðaði aðstæður í sundlaug Reyðarfjarðar vegna ábendingar sem barst HAUST um að málningaragnir væru í sundlaugavatninu. Skoðun fór fram í viðurvist Paulius Naucius forstöðumanns íþróttamiðstöðvar á Reyðarfirði og Svans Freys Árnasonar verkefnastjóra á framkvæmdasviði. Við skoðun reyndist talsvert hafa losnað af málningu í lauginni og voru málningaragnir bersýnilegar í sundlaugarvatninu. Í reglugerð nr. 814/2010 um hollustuhætti á sund og baðstöðum m.s.br. segir „*Vatnið skal vera tært og án sýnilegra óhreininda svo sem froðu eða agna.*“ Undirrituð taldi hættu á að málningaragnir ættu greiða leið upp munn og nef notenda laugarinnar. Því bæri að loka lauginni á meðan ekki væri hægt að tryggja að sundlaugarvatnið væri laust við aðskotahluti. Allir aðilar sem voru viðstaddir voru sammála um að loka lauginni og var byrjað að tæma laugina áður en að undirrituð fór úr húsi.

Ekki var skrifuð sérstök skýrsla um málið á sínum tíma þar sem málið var leyst fljótt og örugglega með því að loka lauginni tafarlaust. Farið var fram á við aðila málsins að laugin yrði ekki opnuð aftur nema í samráði við HAUST.

Virðingafyllt



Lára Guðmundsdóttir,  
heilbrigðisfulltrúi